

423. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði, miðvikudaginn 15. desember 2010 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir , ritari

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá. Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir afbrigði, að tekin verði á dagskrá sem liður nr.3, fundargerð 57.fundar skólanefndar. Aðrir liðir færast aftar á dagskrá sem þessum nýja lið nemur.

Dagskrá:

- 1. 1011002F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 34**
1.tl.10010043 - Landeigandi Sveinseyrar beiðni um að borholur í landi Sveinseyrar verði gerðar að vatnsverndarsvæði í aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps, tekinn út til afgreiðslu :
Oddviti (EIS) óskaði eftir því við Landmótun sem vann aðalskipulag fyrir Tálknafjarðarhrepp fyrir árin 2006-2018, að setja á blað þann feril sem fara þarf í vegna breytinga á aðalskipulagi. Næsta skref er að boða til fundar með framkvæmdaraðila og leggur oddviti til að þann fund sitji ásamt henni, Birna Benediktsdóttir, varaoddviti og Sigurvin Hreiðarsson, formaður bygginganefndar.Samþykkt samhljóða.
- 2. 1012008F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 56**
Fundargerðin staðfest.
- 3. 1012011F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 57**
Fundargerðin staðfest.
- 4. 1012003 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 781.fundar stjórnar 10.nóv.2010**
Lagt fram til kynningar.
- 5. 1012039 - FV fundargerð stjórnar þann 6.desember 2010**
Lagt fram til kynningar.
- 6. 1011051 - Fundargerð 79.fundar stjórnar laugardaginn 6.nóvember 2010, fjárhagsáætlun 2011.**
Lagt fram til kynningar.
- 7. 1012040 - Fjórðungssamband Vestfirðinga byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks.**
Lagt fram bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 9. desember sl. sem fjallar um Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks og tilflutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Jafnframt er lagður fram samstarfssamningur sveitarfélaga á Vestfjörðum um starfrækslu byggðasamlags um málefni fatlaðra og þjónustusamningur félagsþjónustusvæða sveitarfélaga á Vestfjörðum ásamt viðauka 1, um tekjur

Byggðasamlags Vestfjarða, viðauka 2, um sundurliðun samningsfjárhæða eftir viðfangsefnum og tegundum, en án fjárhæða og viðauka 3, um verkefni þjónustusvæða. Til nánari upplýsinga liggur frammi erindisbréf þjónustuhóps félagsþjónustusvæða og erindisbréf verkefnisstjóra Byggðasamlags Vestfjarða. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir framlagða samninga, samhljóða.

8. 1012036 - Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra. Erindi:skipting stöðugilda. 04.12.10

Útreikningar Svæðisskrifstofu á starfshlutfalli sem Tálknafjarðarhreppur fær úthlutað skv. útreikningum á þjónustu við fatlaða í sveitarfélaginu þann 1. desember 2010. Tálknafjarðarhreppur fær 0,02% stöðugildi. Samtals fær félagsþjónustusvæðið Vesturbyggð/Tálknafjörður 0,16% stöðugildi. Samþykkt samhljóða.

9. 1012037 - Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra. Aðgengi fatlaðra. 01.12.10

Árið 2009 var tekin ákvörðun hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum að kanna aðgengi fatlaða að helstu þjónustustöðum í sveitarfélögum á Vestfjörðum. Fyrir fundinum liggur samantekt fyrir skrifstofu Tálknafjarðarhrepps og íþróttahúsið. Úttektin mun nýtast sveitarfélaginu til að stuðla að bættu aðgengi fyrir fatlaða. Samþykkt samhljóða.

10. 1012002 - Samningur Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um samrekstur félagsþjónustu.

Fyrir fundinum liggur samningur fyrir sameiginlega félagsmálanefnd og samrekstur félagsþjónustu fyrir Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp. Hin sameiginlega nefnd skal heita Félagsmálanefnd Vestur-Barðastrandarsýslu og hin sameiginlega félagsþjónusta Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu. Samningurinn er samþykktur samhljóða.

11. 1012005 - Alþingi umhverfisnefnd umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 186.mál

Ekki send inn umsögn. Samþykkt samhljóða.

12. 1012006 - Alþingi félags- og tryggingamálanefnd umsögn um frumvarp til laga um málefni fatlaðra 256.mál

Umsögn sambands ísl. sveitarfélaga um frumvarp til laga um málefni fatlaðra, lagt fram til kynningar.

13. 1012015 - Efnahags- og skattanefnd Alþingis, beiðni um umsögn um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna ofl. 301.mál

Engin umsögn send. Samþykkt samhljóða.

14. 1010021 - Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið. Tilmæli vegna ráðningar starfsmanna sveitarfélaga. 24.09.2010

Afgreiðslu frestað á 421.fundi. Í V.kafli samþykktar um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps er kveðið á um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna. Samþykkt samhljóða.

15. 1011119 - R3 ráðgjöf. Þjónusta ráðgjafa. 22.11.2010

Fyrirtækið hefur sérhæft sig í þjónustu við sveitarfélög s.s. skoðun rekstrar og einstakra verkefna, mörkun stefnu í mismunandi málaflokkum og sókn á

nýjum sviðum og leit að hagkvæmni í almennri starfsemi. Boð um fund við sveitarstjórnarmenn til þess að ræða einstök verkefni ef áhugi er fyrir hendi. Erindinu hafnað. Samþykkt samhljóða.

- 16. 1012038 - Plan 21 ehf. Kynning á þjónustu fyrirtækisins. 26.11.2010**
Fyrirtækið hefur sérhæft sig í þjónustu við sveitarfélög á sviði skipulags- og byggingarmála og óskar eftir því að kynna þjónustu fyrirtækisins á fundi með fulltrúum sveitarfélagsins.
Erindinu er hafnað. Samþykkt samhljóða.
- 17. 1011117 - veiðimálastofnun. Efni: könnun áhrifa smávirkjana á lífríki í vatni. 18.11.2010**
Beiðni um upplýsingar um smáar vatnsaflsvirkjanir sem eru starfandi í sveitarfélaginu, staðsetningu þeirra, stærð (afl) forsvarsmann og byggingarár.
Erindinu hefur verið svarað.
- 18. 1011116 - Umhverfisráðuneytið. Vegna umræði á alþjóðavettvangi og kostnaðar og hreinsunar rusls og úrgangs á ströndum. 24.11.2010**
OSPAR samningurinn sem fjallar um vernd norð-austur Atlantshafsins hefur nýlega gefið út skýrslu sem fjallar um kostnað vegna hreinsunar.
Umhverfisráðuneytið vill meta umfang vandans og hvort rusl á ströndum og í hafi ógni lífríki hafs og stranda eða hafi önnur neikvæð áhrif. Ráðuneytið leitar til allra sveitarfélaga sem liggja að ströndinni og óskar eftir upplýsingum um þær aðgerðir sem fara fram innan sveitarfélagsins og að lagt verði mat á það hvort rusl á ströndum sé útbreytt vandamál innan sveitarfélagsins og hvort það ógni lífríki hafs og stranda, heilsu manna eða hafi önnur neikvæð áhrif á nýtingu strandarinnar.
Tálknafjarðarhreppur hefur í mörg undanfarin sumur notið starfskrafta félagasamtakanna Seeds og Veraldarvina við afmörkuð verkefni sem hafa verið m.a. að hreinsa strandir og þá hefur vinnuskóli sveitarfélagsins einnig komið að þeirri vinnu. Það er mat hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps að rusl á ströndum sé ekki útbreytt vandamál innan sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.
- 19. 1011106 - Ernir ehf. Efni:uppnám flugsamgangna á Bíldudal**
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps fagnar því að samkomulag hafi náðst um áframhaldandi stuðning við flug til Bíldudals. Flugíð er grundvallarþjónusta og mikið öryggismál fyrir samfélögin.
- 20. 1011089 - BSI á Íslandi ehf, Ástandsskoðun leikvalla. 10.11.2010**
Erindinu er vísað til úrvinnslu hjá oddvita og skólastjóra. Samþykkt samhljóða.
- 21. 0909100 - Hraðaljós á Tálknafjarðarveg (617), ítrekun**
Hafa verið keypt í samstarfi við Vegagerðina og verða sett upp innan við innstu hús í þéttbýli við fyrsta tækifæri. Samþykkt samhljóða.
- 22. 1011057 - Samband íslenskra sveitarfélaga. v/verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum. 08.11.2010**
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir þátttöku í verkefninu næstu þrjú árin þ.e. frá 1.janúar 2011 til 31.desember 2013. Tilkynning þess efnis hefur verið send Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.

23. 1011047 - Breyting á samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps.

Á 422.fundi þann 10.nóvember s.l. var tekin til fyrri umræðu breyting á samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps vegna sameininga félagsmálanefnda Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Íþrótt- og æskulýðsmál hafa heyrt undir félagsmálanefnd, en munu ekki fylgja með inn í sameiginlega nefnd. Í 11.gr. V.kafla Æskulýðslaga nr.70/2007 segir að sveitarfélög hafi starfandi æskulýðsnefndir eða sambærilegar nefndir skv. ákvörðun sveitarstjórnar. Í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 sem fjallar um sameinigu nefnda segir:

“Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þótt svo sé kveðið á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til þess að fara með tiltekin verkefni.”

Lögð er fram tillaga þess efnis að skólanefnd heiti eftirleiðis skóla-, íþrótt- og tómstundaneftnd og tekur þar með yfir æskulýðs- og tómstundamál í heild sinni. Samþykkt samhljóða.

Samkv.5.tl.51.gr. samþykktu eftir að breyting hefur tekið gildi, skipar hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps 2 aðalmenn og tvo til vara í félagsmálanefnd Vestur-Barðastrandarsýslu. Aðalmenn: Elísabet Kjartansdóttir og Bjarnveig Guðbrandsdóttir, til vara Pálína Kristín Hermansdóttir og Helga Birna Berthelsen. Samþykkt samhljóða.

24. 1012001 - Ákvörðun útsvarshlutfalls 2011

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2011 verði óbreytt, þ.e. 13,28%, en með fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkingu útsvarshlutfalls um 1,20 prósentustig sem af því leiðir, verður álagningarhlutfallið 14,48% á árinu 2011. Samþykkt samhljóða.

25. 1012041 - Tillaga að framlengingu samnings við Gámapjónustu Vestfjarða um sorphirðu.

Oddvita og varaoddvita falið að vinna áfram að fyrirbyggjandi tillögu. Samþykkt samhljóða.

26. 1011059 - Kvenfélagið Harpa. Umsókn um styrk til greiðslu fasteignagjalda. 09.11.2010

Erindinu vísað til fjárhagsáætlunar 2011. Samþykkt samhljóða.

27. 1011056 - Vesturbyggð. Málefni:Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti. 08.11.2010

Bréf formanns stjórnar MEÓ vegna fjárhagsstöðu safnsins. Erindinu vísað til fjárhagsáætlunar 2011. Samþykkt samhljóða.

28. 1011055 - Snorraverkefni. Erindi: stuðningur við Snorraverkefnið sumarið 2011. 08.11.2010

Styrkbeiðni hafnað. Samþykkt samhljóða.

29. 1011041 - Stígamót. Beiðni um framlag. 01.11.2010

Styrkbeiðni hafnað. Samhljóða.

30. 1011037 - Fjárhagsáætlun 2011

Farið yfir fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2011, síðari umræða. Með áorðnum breytingum á milli umræðna eru lykiltölur sem hér segir :

Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps sveitarsjóður 2011:

Tekjur alls kr. 185.704.000
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði kr. 180.366.000
Rekstrarniðurstaða, jákvæð kr. 4.007.000
Veltufé frá rekstri kr. 12.374
Afborganir langtímalána kr. (10.576.000)
Handbært fé í árslok kr. 2.754

Fjárhagsáætlun B-hluta fyrirtækja Tálknafjarðarhrepps 2011:

Rekstrarniðurstaða Hafnarsjóðs, hagnaður kr. 4.089.000
Rekstrarniðurstaða Fráveitu, hagnaður kr. 1.156.000
Rekstrarniðurstaða Félagslegra íbúða, tap kr. (5.834.000)
Reksrarniðurstaða vatnsveita, hagnaður kr. 1.376.000
Veltufé frá rekstri kr. 21.430.000
Afborganir langtímalána kr. (2.154.000)

Fjárhagsáætlun samstæðu Tálknafjarðarhrepps 2011:

Tekjur alls kr. 210.509.000
Gjöld alls kr. 197.875.000
Rekstrarniðurstaða, jákvæð kr. 4.794.000
Veltufé frá rekstri kr. 21.430.000
Afborganir langtímalána kr. 12.808.000
Handbært fé í árslok kr. 2.755

Engar framkvæmdir eru settar inn í áætlun á árinu 2011. Á dagskrá er borun vinnsluholu í Sveinseyrarhlíð og endurbygging gömlu bryggju. Hver framkvæmd verður lögð sérstaklega fyrir ásamt kostnaðaráætlun og áætlun um fjármögnun þegar það liggur fyrir.
Samþykkt samhljóða.

31. 1012045 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árin 2012 - 2014

Vísað til síðari umræðu í janúar. Samþykkt einróma.

32. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

33. 1012004 - Saman-hópurinn ályktun um unglingskemmtandir

Lagt fram til kynningar.

34. 1011111 - Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið. Skil fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2011. 17.11.10

Lagt fram til kynningar.

35. 1011090 - Hafnasamband Íslands. Ályktun sambandsins um hlutverk Hafna. 10.11.2010

Lagt fram til kynningar.

36. 1012018 - Barnaheill ályktun til ríkisstjórnar og sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

37. 1010071 - FÍSOS-Félag safna og safnamanna.20.10.10Minnt á mikilvægi safna

Lagt fram til kynningar.

38. 1012043 - Þjóðskrá. Skilafrestur sveitarstjórna til þjóðskrár Íslands. 30.11.2010

Lagt fram til kynningar.

39. 1011108 - Landsnet hf. Boð á upplýsingafund.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____